

# ANNÁL ÁRSINS 1989.

Vegna mikilla anna stjórnar KAI við störf og leik, reyndis ekki unnt að ljúka við árskýrslu sambandsins í þetta sinn fyrir ársþingið. Það er því gert að tillögu að boðað verði til framhaldsþings innan tveggja vikna til að stjórnin geti lagt fram skýrsluna. Hér að neðan er annáll tímabilsins til að þingfulltrúar geti áttað sig á atburðum liðins árs.

Stjórn KAI.

† stjórn KAI 1989.†

formaður	Karl Gauti Hjaltason
varaformaður	Sylvía Guðstafsdóttir
gjaldkeri	Hildur Svavarsdóttir
ritari	Reinhard Reinhardtsson
landfræðingur	Sigurjón Gunnsteinsdóttir
medstjórn	Jon Asgeir Blöndal
meðstjórn	Sigfus Sigurðsson

Á tímabilinu hélt stjórnin um 15 formlega fundi, en auk þess fjólda annarra funde, og þá aðallega í tengslum við NM.

## Janúar 1989.

Gerry Fleming.

## Febrúar 1989.

Unglingameistaramót 1989 haldið 25 febrúar. Keppendur voru um 80. Karatefélag Reykjavíkur sigraði á mótinu, en Breiðablik fylgdi fast á eftir. Happadrætti KAI hleypt af stokkunum. 500 miðar að verðmæti kr. 1000.- hver. Gerry Fleming 24-27 febrúar.

## Mars 1989.

KAI styrkir útgáfu Karateblaðsins. Ingo De Jong kom til Stjórnunnar og dvaldi í 10 daga.

## Apríl 1989.

Kawasoe kom til Shotokan manna. Gerry Fleming 1-3 apríl.

## Mái 1989.

Bikarmót KAI haldið 6. maí. Upphaflega átti að halda Islandsmót, en vegna skorts á dómurum var því breytt í Bikarmót KAI og tókst mótið ágætlega. Árshátíð KAI var haldin um kvöldið í Risinu og tókst með afbrigðum vel.

Gerry Fleming 13-16 maí.

Þórshamarsmót haldið 27 maí í tilefni af 10 ára afmæli félagsins.

Slavisa Ianovich 1 dan kom til Stjórnunnar og Baldurs og var hér í fimm daga og hélt m.a. gráðun fyrir byrjendur.

Sambandsstjórnarfundur ISÍ haldinn 20. maí.

Júní 1989.

Júlí 1989.

Evrópubúðir Goju Kai haldnar í Hollandi. Fimm keppendur fóru héðan til keppni. Sölvi Rafnsson hlaut brons í -60 kg flokki kumite.

Ágúst 1989.

September 1989.

Gerry Fleming.

Ted Hedlund hélt hér dómaramámskeið, en þátttaka var dræm og er það miður þar sem hann er einn besti dómari sem völ er á. Íslandsmót 30. sept. Íslandsmeistarar urðu.:

Kata Kvenna	Jónína Olesen	KFR	
Kata Karla	Sigurjón Gunnsteinsson	KFR	
Kumite kvenna	Oddbjörg Jónsdóttir	UBK	
-65 kg	Halldór Svavarsson	KFR	
-73 kg	Sigurjón Gunnsteinsson	KFR	
-80 kg	Helgi Jóhannesson	UBK	
+80 kg	Gunnar Ingi Halldórsson	KFR	
Kumite Karla	Halldór Svavarsson	KFR	

KFR bar sigur úr bítum á mótinu eins og oft áður. Karl Pirttinen 1 dan kom til Goju Kai og þjálfaði í 3 mánuði.

Október 1989.

NM í Reykjavík. Um 50 þátttakendur komu frá hinum Norðurlöndunum. Íslendingar eignuðust sinn fyrsta Norðurlandameistara í Karate, Halldór Svavarsson KFR, sem sigraði í -65 kg flokkki í kumite. Sveitakeppnin gekk illa. Gerry Fleming dvaldist hérna fyrir mótið, en varð að fara heim daginn fyrir mótið og varð það mikið áfall fyrir íslenska liðið. Nauðsynlegt er að þjálfari liðsins sé með því á slíkum mótum sem NM er, sérstalega ef það er haldið hérlandis. Næsta NM verður 6.10.90 í Kaupmannahöfn.

Nóvember 1989.

Fjögurra landa keppnin í Glasgow. Héðan fór 12 manna hópur til keppinnar, en ekki unnust neinir sigrar í þetta sinn. Þann 18. nóv var haldin fjölmennur fundur um landsliðsmál og tókst fundurinn vel og komu fram margar hugmyndir um skipan landsliðsmála KAI. Á fundinn mættu 15 manns. Ingo De Jong kom til Goju Kai og kenndi í 5 daga og hélt gráðun fyrir 30 manns. Poh Lim dvaldi hjá Shotokan félögunum og þjálfaði hér í þrjá mánuði.

Desember 1989.

Þann 9. des var haldin annar fundur um landsliðsmálefni. Karatemaður ársins 1989 var kjörin af stjórn KAI Halldór Svavarsson KFR, fyrir glæsileg afrek á árinu. Innanfélagsmót Stjórnunnar 4 desember.

Janúar 1990.

Febrúar 1990.

Unglingameistarameiðmótið 1990. Keppendur voru um 100 og sigraði Karatefélagið Þórshamar nokkuð örugglega, en þeir sendu 40 keppendur.

Kenny Taylor 5. dan, kom til Þórshamars og kenndi í viku.

Stefan Krísping 1. dan kom til Goju Kai og verður að bjálfa hér í tvo mánuði.

Gerry Fleming.

Mars 1990.

Opna Hollenska. Nokkrir félagar úr Karatefélagi Reykjavíkur fóru á mótið og komust tveir íslensku keppendanna í þriðju umferð. Mótið var gífurlega fjölmennt og voru um 100 manns í hverjum keppnisflokk.

Sjónvarpsmót KAI ráðgert í lok mars.

# G J Ö L D                      K A I.

Tímabilið 29.01.1989 - 11.03.1990.

## Landsliðsþjálfun.

Launakostnaður .....	237.879.-
Flugferðir .....	129.673.-
Gisting .....	38.508.-
Annað .....	132.438.-
<u>Samtals.....</u>	<u>538.498.-</u>

## Dómgæsla.

Ted Hedlund .....	69.253.-
-------------------	----------

## Landsliðsferðir.

Glasgowferð 1989 .....	264.420.-
------------------------	-----------

## Mótahald.

NM í Reykjavík 1989 .....	363.703.-
Unglingameistaramót 1989 .....	15.838.-
Unglingameistaramót 1990 .....	14.500.-
Íslandsmót og Bikarmót 1989 .....	35.530.-
<u>Samtals.....</u>	<u>431.571.-</u>

## Ýmislegt.

Ritföng, ljósrit, Fax, telex og frímerki ....	60.150.-
Fræðslumál (námskeið, áskrift o.fl.).....	24.145.-
Happadrætti KAI .....	49.464.-
Húsaleiga ÍSÍ .....	23.472.-
Karateblaðið (framlag til Þórshamars) .....	35.000.-
Dráttarvextir hjá Flugleiðum .....	35.758.-
Ýmislegt .....	15.535.-
<u>Samtals.....</u>	<u>243.524.-</u>

---

Samtals gjöld .....	<u>1.547.266.-</u>
---------------------	--------------------

---

## Athugasemdir.

Landsliðþjálfunin er dýrasti liðurinn í útgjöldum KAI á tímabilinu og kemur það ekki á óvart. Mótshald er hár útgjaldaliður núna vegna NM í Reykjavík. Tilraunir okkar til að afla eigin tekna hafa ekki verið dýrar, þó árangurinn hafi ekki verið sem bestur. Happadrættið kostaði innan við 50 þús þó enn sé möguleiki á því að efsti vinningurinn gangi út, en það er bifreið að verðmæti um 250.000.- Hagnaður af happadrættinu er því um 140.000.- (ennþá). Ekki varð hagnaður af NM eins og 1985, heldur tap uppá rúmar 200 þús.

Eitt af óvenjulegu verkefnum var að styrkja útgáfu Karateblaðsins kr. 35.000.- og ættu félögin endilega að efla útgáfustarfsemina og þá með þátttöku KAI.

# TEKJUR KAI

Tímabilið 29.01.1989 - 11.03.1990.

## Styrkir.

Útbreiðslustyrkur frá ÍSí .....	420.643.-
Lottógreiðslur frá ÍSí .....	582.649.-
Norræni Menningarmálasjóðurinn .....	7.575.-
<u>Samtals.....</u>	<u>1.010.867.-</u>

## Eigin fjáröflun.

Innkoma á æfingabúðum Gerry Fleming .....	146.700.-
Innkoma á Unglingameistaramóti 1989 .....	24.744.-
Innkoma á Bikar- og Íslandsmóti .....	27.400.-
Innkoma á Unglingameistaramóti 1990 .....	23.250.-
Innkoma á NM 1989 í Reykjavík .....	143.500.-
Happadrættissala .....	188.000.-
Ýmsar tekjur .....	35.659.-
Vaxtatekjur .....	4.126.-
<u>Samtals.....</u>	<u>593.379.-</u>

---

Samtals tekjur ..... 1.604.246.-

---

TEKJUR á tímabilinu	1.604.246.-
- Gjöld á tímabilinu	1.547.266.-

---

Rekstrarafgangur .....	56.980.-
------------------------	----------

---

## Athugasemdir.

Eigin fjáröflun KAI á tímabilinu var um 37% af tekjum, sem mikil framför frá fyrri árum. Þessu má þakka Happa-  
drættinu sem gaf um 11% af tekjum og æfingagjöldum hjá  
landsliðsþjálfara færði okkur um 9%. Mótahald skilaði síðan  
þó nokkru, en það verður að gera mun betur á þessu sviði.  
Auka má tekjur vegna æfingabúða verulega með betri rukkun og  
auglýsingum og aðgangseyrir að mótum getur orðið mun meiri  
með því að kynna mótin betur.

Útbreiðslustyrkur frá ÍSí er á hraðri niðurleið að raun-  
gildi, en Lottótekjurnar halda þó í við verðbólgu og eru nú  
orðnar stærsti tekjuliður Karatesambandsins.

# EFNAHAGSREIKNINGUR KAI

11. mars 1990.

## Sjóðsinneignir.

Hlaupareikn. íB. nr. 51 .....	12.091.-
Hlaupareikn. íB. nr. 4647 .....	46.715.-
Tækja og Útbr. sjóður 506001 ....	10.836.-
Ábótarreikningur .....	12.550.-
Samtals.....	<u>82.182.-</u>

## Eignir.

Skrifstofuhúsgögn .....	33.100.-
Myndbandaupptökutæki .....	122.905.-
Tölvubúnaður og prentari .....	65.004.-
Stigatafla .....	50.000.-
Samtals.....	<u>271.009.-</u>

## Skuldunautar.

Inneign hjá Fjölsport v/1987-88..	60.000.-
Inneign hjá Fjölsport v/UM '89 ..	7.500.-
Inneign hjá ÍSÍ .....	995.-
Þórshamar (gömul skuld) .....	25.000.-
Samtals.....	<u>93.495.-</u>

## Skuldir KAI.

Skuld við Flugleiðir .....

	152.590.-
--	-----------

## Höfustóll.

Höfuðstóll 29.01'89	237.116.-	
Rekstrarafgangur nú	56.980.-	
Eigið fé .....	294.096.-	294.096.-

---

Jafnað .....	446.686.-	446.686.-
--------------	-----------	-----------

---

## Athugasemdir.

Eins og á síðasta ári eru Flugleiðir okkar stærsti lána-drottinn, en reikna má með að það taki 3-4 mánuði að greiða upp skuldina með lottótekjum. Sjóður KAI er lítill og ljóst að við erum ekki til stórræðanna fram á sumarið, að óbreyttum tekjum. Stigatafla er talin til eigna þó hún sé enn í smíðum. Inneignina hjá Fjölsport hefur gengið erfiðlega að fá greidda.

---

Hildur Svavarsdóttir gjaldk.

---

Karl Gauti Hjaltason form.

F J Á R H A G S Á Æ T L U N    K A Í    1 9 9 0 .

TEKJUR.

Útbreiðslustyrkur ISÍ .....	450.000.-
Lottó .....	500.000.-
Tekjur af mótum .....	200.000.-
Aðrar tekjur .....	400.000.-
	-----
	1.550.000.-

GJÖLD.

Þjálfaramál .....	500.000.-
NM'90 (Danmörk) .....	400.000.-
3 landa keppni .....	150.000.-
Skrifstofuhald .....	150.000.-
Íþróttahátíð ISÍ 1990 .....	50.000.-
Fræðslumál .....	100.000.-
Dómaramál .....	100.000.-
Útgáfustarfssemi .....	100.000.-
	-----
	1.550.000.-

Tillaga að lagabreytingu.

1.

Inn komi tvær nýjar greinar sem verði 13. og 14. grein og færast aðrar greinar aftur sem því nemur.

13. gr.

Karatedómstóll er kosinn á þingi. Hann skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn. Dómstóllinn kys sér formann. Í dómstólinn má ekki setja nema einn mann úr hverju félagi, hvorki sem aðalman eða varamann. Karatedómstóllinn starfar samkvæmt dóms- og refsiakvæðum ÍSÍ.

14. gr.

Kærur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóla KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.

2.

Liður 14 í 8.gr. hljóði svo og aðrir liðir færast aftur:

14. Kjörnir 3 menn í aganefnd KAÍ og 3 til vara.

3.

Á eftir síðustu grein laganna komi ný grein svohljóðandi:

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

-----  
Greinargerð:

Lagabreytingatillögur þessar eru vegna tilmæla laganefndar ÍSÍ og eru til samræmingar við lög annara sérsambanda. Við samningu lagana í upphafi virðist hafa gleymst að setja inn ákvæði um karatedómstólinn og verkefni hans. Með þessum tillögum er úr því bætt. Einnig er 18. gr. bætt við í samræmi við lög ÍSÍ.

Stjórn KAÍ



# T I L L Ö G U R   F Y R I R   6 .   Á R S Þ I N G   K A Í

## 1. TILLAGA.

6. Ársþing KAÍ samþykkir að Íslandsmótinu í karate verði skipt í KATA og KUMITE mót og fari katamótið fram í apríl en kumite mótið í október. Keppt verði á katamótinu í kata karla, kata kvenna og hópkata. Stjórn KAÍ skal falið að setja reglur um mótin í samræmi við breytt fyrirkomulag.

## 2. TILLAGA.

6. Ársþing KAÍ samþykkir að kjósa í 3ja manna nefnd til að gera úttekt á landsliðsmál og koma með tillögur um úrbætur ef þeirra er þörf. Nefndin skal skila tillögunum fyrir 10. apríl 1990.

## 3. TILLAGA.

6. Ársþing KAÍ samþykkir að karatefélögin og KAÍ leggi sig fram um að karateíþróttin taki virkan þátt í íþróttahátíð ÍSÍ 1990 sem fram fer í lok júní næstkomandi.

## 4. TILLAGA.

6. Ársþing KAÍ samþykkir að beina því til framkvæmdastjórnar ÍSÍ að komið verði upp sameiginlegu vinnuherbergi fyrir sérsamböndin með ljósritunaraðstöðu, aðgangi að tölvu o.s.fr.

## 5. TILLAGA.

6. Ársþing KAÍ samþykkir að komið verði á fót aganefnd KAÍ sem fjalli um agabrot karateiðkenda og hafi vald til að refsa þeim og félögum þeirra fyrir hegðun sem komi óorði á karateíþróttina.

## 6. TILLAGA.

6. Ársþing KAÍ samþykkir að beina auknu fjármagni til að auðvelda þjálfurum að sækja námskeið í þjálfunarfræðum, hvort sem er innanland eða utan.

## 7.TILLAGA

6. Árþing KAÍ samþykkir að framvegis verði haldnir formannafundir með stjórn KAÍ og formönnum karatefélaganna yfir vetrarmánuðina og skal vera að minnsta kosti einn fundur á hvoru misseri.

## Reglur um Aganefnd KAÍ.

- 1.gr. Aganefnd KAÍ er skipuð þremur aðalmönnum og þremur varamönnum kjörnum á ársþingi KAÍ.
- 2.gr. Aganefnd fjallar um öll agabrot þátttakenda á karatemótum innan lands sem utan. Einnig fjallar nefndin um öll meint agabrot sem félagar í karatefélögum verða uppvísir að.
- 3.gr. Agabrot er sú hegðan sem brýtur í bága við sannan íþróttanda, samræmist ekki framkomu karateiðkenda eða kemur óorði á karateíþróttina.
- 4.gr. Meint agabrot er unnt að kæra til nefndarinnar en nefndinni er einnig heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði. Nefndin aflar sjálf nauðsynlegra gagna.
- 5.gr. Aganefndin getur beitt eftirtöldum viðurlögum:
  1. Sett hlutaðeigandi í keppnis- og/eða æfingabann um lengri eða skemmri tíma.
  2. Sett viðkomandi félag í keppnisbann.
  3. Beitt viðkomandi félag sektum.
- 6.gr. Úrskurðir aganefndar skulu sendir stjórn KAÍ og öllum aðildarfélögum KAÍ, sem sjá sameiginlega um að honum verði framfylgt.
- 7.gr. Úrskurði aganefndar er hægt að áfrýja til karatedómstóls ef hlutaðeigandi vilja ekki una honum en áfrýjunin frestar ekki framkvæmd viðurlaga.